

From: [Ragnildur Sveinbjarnardóttir](#)
To: [Markaðsstofa Suðurlands](#); [Ragnildur Sveinbjarnardóttir](#)
Cc: [Vala Hauksdóttir](#); [Árdís Erna Halldórsdóttir](#); [Hrafnhildur Árnadóttir](#)
Subject: Framboð til stjórnar Markaðsstofu Suðurlands 2026/2027
Date: þriðjudagur, 31. mars 2026 11:53:48
Attachments: [Outlook-MSS_VSI_Lo.png](#)

Ágætu samstarfsaðilar

Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands 2026 fer fram fimmtudaginn 7. maí næstkomandi í Akóges salnum í Vestmannaeyjum.

Eftir venjuleg aðalfundarstörf og vinnustofu/málþing förum við í skoðunarferð um eyjuna og njótum svo samverunnar á árs hátíð um kvöldið. [Nánari upplýsingar um dagskrá dagsins má finna hér.](#)

Samkvæmt samþykktum Markaðsstofunnar mun aðalfundur, skipaður fulltrúum samstarfsfyrirtækja stofunnar, **kjósa 2 fulltrúa í stjórn Markaðsstofunnar** fyrir komandi starfsár og sitja þar fyrir hönd Ferðamálasamtaka Suðurlands.

Við auglýsum því hér með eftir framboðum til stjórnar Markaðsstofunnar fyrir starfsárið 2026/2027.

Framboðsfrestur rennur út viku fyrir aðalfund, eða fimmtudaginn 30. apríl nk.

Núverandi fulltrúar Ferðamálasamtaka Suðurlands í stjórn:

Aðalmenn:

Sveinn Hreiðar Jenson, formaður stjórnar, Hótel Klaustur
Jelena Ohm, Volcano Trails í Þórsmörk

Varamenn:

Guðmundur Fannar Vigfússon, Golfklúbburinn Kiðjabergi
Ársæll Hauksson, Southcoast Adventure

Sveinn Hreiðar Jenson og Jelena Ohm gefa bæði kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Við hvetjum fulltrúa ferðapjónustunnar á Suðurlandi að gefa kost á sér til stjórnarstarfa og hafa þannig áhrif á þróun og kynningu á áfangastaðnum okkar.

Tekið skal fram að stjórnarseta er greidd.

Til að senda inn framboð eða fá nánari upplýsingar endilega hafið samband við mig - ragnildur@south.is eða í síma 560-2050

Með bestu kveðju | Best regards

Ragnildur Sveinbjarnardóttir

Framkvæmdastjóri | Managing Director

Markaðsstofa Suðurlands | Visit South Iceland
Fjölheimar, Tryggvagata 13, 800 Selfoss
+354 560 2050 | ragnildur@south.is
www.south.is



**Markaðsstofa
Suðurlands**
Visit South Iceland